



Leikhús	Veisla	Kabarett	Standandi boð
250	160	128	250

SJÁLFSTÆÐISSALURINN ER GLÆSILEGUR VEISLUSALUR Í HJARTA BORGARINNAR

Í gegnum tíðina hefur salurinn gengið undir mörgum nöfnum. Upphaflega hét byggingin sem hann er í Sjálfstæðishúsið við Austurvöll og er húsið nátengt sögu Sjálfstæðisflokksins. Það hefur einnig hýst vinsæla skemmtistaði þar sem ótal böll og tónleikar hafa farið fram. Salurinn hefur verið gerður upp í upprunalegum stíl af vandvirkni og alúð.

Í salnum er stórt svið. Fyrir ofan sviðið er ferhyrndur skjár, 5,0 m x 2,8 m (225").

Sitthvoru megin við sviðið eru ferhyrindir skjáir, 3,3 m x 1,85 m (150").

Hljóðkerfi fylgir salnum sem hentar fyrir ræðuhöld og einföld tónlistaratriði. Hægt er að leigja annan tækjabúnað. Salurinn rúmar 250 manns.

Hægt er að skipuleggja salinn á ýmsa vegu eftir eðli viðburðarins. Í sumum tilfellum er tekið aukagjald fyrir uppröðun.

Sjálfstæðissalurinn er 274,2 m² að stærð og sviðið er 39,6 m².

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tækniaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga

UPPRÖÐUN FYRIR VEISLU – HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir sitjandi borðhald

- Þegar dansgólfið er autt er pláss fyrir allt að 80 manns í sæti.
- Þegar hluti dansgólfsins er notaður fyrir borð er pláss fyrir allt að 120 manns í sæti.
- Þegar allt dansgólfið er notað fyrir borð er pláss fyrir allt að 160 manns í sæti.
- Þegar borðhaldi lýkur er hægt að færa 3–4 borð til að búa til pláss fyrir dansgólf.

UPPRÖÐUN FYRIR VEISLU – HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir hlaðborð – kvöldverðarhlaðborð, kaffihlaðborð og brönshlaðborð

- Þegar allt dansgólfið er notað fyrir hlaðborð er pláss fyrir allt að 80 manns í sæti.
- Þegar dansgólfið er bæði notað fyrir hlaðborð og borð er pláss fyrir allt að 120 manns í sæti.
- Það er mögulegt að færa hlaðborðið eftir að borðhaldi lýkur til að búa til pláss fyrir dansgólf.

UPPRÖÐUN FYRIR BLANDAÐAN VIÐBURÐ – STANDANDI/SITJANDI

Hentar fyrir kokteilboð

- Hringborð sem fjórir geta setið við í bland við há borð.
- Sæti fyrir allt að 60 gesti – hámarksfjöldi gesta er 250.
- Hægt er að leigja Gamla kvennaskólann í tengslum við viðburði í Sjálfstæðissalnum og þannig auka hámarksfjölda gesta í 405.